

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 268/2022

2023/EES/31/41

frá 23. september 2022

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/716 frá 6. maí 2022 um viðurkenningu á snjalldíselhítara til notkunar í hefðbundnum brunahreyfli og tilteknum tvinnraffólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum sem nýsköpunartækni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 181, 7.7.2022, bls. 36 og Stjttíð. ESB L 192, 21.7.2022, bls. 31.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21azl (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/392) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21azm. **32022 D 0716**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/716 frá 6. maí 2022 um viðurkenningu á snjalldíselhítara til notkunar í hefðbundnum brunahreyfli og tilteknum tvinnraffólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum sem nýsköpunartækni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 (Stjttíð. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 33), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 181, 7.7.2022, bls. 36 og Stjttíð. ESB L 192, 21.7.2022, bls. 31.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/716, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 181, 7.7.2022, bls. 36 og Stjttíð. ESB L 192, 21.7.2022, bls. 31, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 33.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.